

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson,  
Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfrur Gylfi Pálmason.

### 1. gr.

Við lögina bætist nýr kafli, III. kafli, **Náttúrugripasöfn**, með tveimur nýjum greinum og breytist töluröð kafla og greina samkvæmt því:

#### a. (15. gr.)

Ráðherra er heimilt að styðja rekstur eins sýningarsafns um náttúrufræði í hverju kjördæmi, enda sé það í eigu héraðsnefnda, sveitarfélaga eða annarra heimaaðila. Safninu er heimilt að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 8. gr., og náttúrustofu í kjördæminu, sbr. 11. gr. Leita skal umsagnar náttúrustofu kjördæmisins, sbr. 10. gr., áður en ákvörðun um fjárstuðning er tekin.

#### b. (16. gr.)

Styrkur ráðherra til sýningarsafns takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar sýningarsafn í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir sem teljast til stofnkostnaðar séu einvörðungu nýttar í þágu safnsins nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft margháttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki sist fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Á nokkrum stöðum hefur verið unnið af myndarskap að slíkri uppbyggingu. Víðast hvar hefur hún farið fram án stuðnings ríkisvaldsins. Þó munu þess dæmi að náttúrugripasöfn hafi notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins. Hér er lagt til að þessi stuðningur verði skipulegur og samræmdur. Með stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu safna af þessum toga má vænta þess að betur verði staðið að málum og á metnaðarfullri hátt en áður.

Á sínum tíma var uppbygging starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Sú stefnumótun hefur gefist ágætlega. Vel hefur verið að uppbyggingunni staðið, heimamenn komið myndarlega að verki og fræðilegur metnaður verið mikill. Í lögunum er gert ráð fyrir að starfssvið náttúrustofanna sé víðtækt sem er skynsamlegt í ljósi þess hversu samþætt starf þeirra er verkefnum sem unnið er að hverju sinni úti um landið.

Uppbygging náttúrugripasafna fellur einkar vel að þeirri grundvallarhugsun sem náttúrustofurnar eru byggðar á. Því er leitað fyrirmynda að frumvarpstextanum í lögunum um náttúrustofur. Vel má líka hugsa sér að söfnin starfi í nánnum tengslum við stofurnar þar sem það á við. Þar með má segja að komið sé á eins konar tengingu við þá starfsemi sem fram fer að einhverju leyti á náttúrustofunum.

Auðvelt ætti líka að vera að sérhæfa þessa starfsemi á ýmsum svæðum og tengja jafnvel vísinda- og rannsóknarstarfi sem fer fram í byggðunum. Þannig er unnt að tvinna saman á lífandi hátt vísindastarf og daglegt líf og efla um leið áhuga fólks á því merka þróunarstarfi.